



Icelandic Trademark Holding ehf.

Ársreikningur 2024

Icelandic Trademark Holding ehf.
Bjargargötu 1
102 Reykjavík

kt. 711011-0990

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun Ríkisendurskoðunar	2
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Icelandic Trademark Holding ehf. (ITH) er eigandi vörumerkjanna Icelandic® og Icelandic®Seafood sem standa fyrir hágæða íslenskar sjávarafurðir. Stefna ITH er að Icelandic vörumerkið stuðli að því að auka verðmæti og auðvelda markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum á grundvelli gæða, sjálfbærni og uppruna. Ávinningur af rekstri ITH skal renna til þess að styrkja Icelandic vörumerkið og almenna ímyndaruppbyggingu íslensks sjávarfangs.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 9,5 m. kr. Eigið fé félagsins nam 260,4 m. kr. í árslok 2024 og heildareignir voru 320,8 m. kr.

Hlutfé félagsins nam 8,1 m. kr. þann 31. desember 2024, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafi var einn í árslok eins og í upphafi árs.

Hluthafar og eignarhlutur	31.12.2024	31.12.2023
Ríkissjóður Íslands	100,0%	100,0%

Engir starfsmenn voru hjá félaginu á árinu og daglegum rekstri þess hefur verið útvistað til Íslandsstofu, sjá nánar í skýringu 28.

Ekki eru skilyrði til greiðslu arðs á árinu 2025 vegna rekstrar ársins 2024. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að peningalegur ávinningur í formi arðgreiðslna er ekki markmið eiganda ITH, íslenska ríkisins, með eignarhaldi í félaginu. Markmiðið er sem fyrr segir að ávinningi af starfseminni verði varið til að styrkja ímyndaruppbyggingu íslensks sjávarfangs og Icelandic vörumerkjanna.

Kynjahlutfall stjórnar er 50% konur og 50% karlar.

Ímyndaruppbygging íslensks sjávarfangs með Icelandic vörumerkjunum

Sókn ITH í að styrkja Icelandic vörumerkin hefur eflst statt og stöðugt á síðustu árum í góðu samstarfi við nytjaleyfishafa Icelandic vörumerkjanna. Er það mjög í takt við stefnu félagsins sem mörkuð var á árinu 2021 og skerpt var á með endurskoðun á árinu 2023. Megininntakið er sem fyrr segir að auka verðmæti og auðvelda markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða á erlendum mörkuðum á grundvelli gæða, sjálfbærni og uppruna. Þannig hafa ITH og nytjaleyfishafarnir tekið þátt í sjávarútvegssýningum og markaðsverkefnum í Evrópu, Ameríku og Asíu. Ýms vaxtatakifæri hafa verið skilgreind sem lúta að viðskiptaþróun, nýjum markaðssvæðum, nýsköpun o.fl.

Varðstaða um Icelandic vörumerkin

Það er stór og mikilvægur þáttur í starfsemi vörumerkjafélags eins og ITH að styrkja og standa vörð um vörumerki félagsins en að þeim hefur verið sótt úr ýmsum áttum í árunna rás. Þessi varðstaða um vörumerkin kallar á útgjöld af hálfu ITH.

Á árinu 2018 höfðaði ITH mál gegn breska fyrirtækinu Iceland Foods Ltd. (IFL) um ógildingu á ESB skráningu orð- og myndmerkisins ICELAND í þremur vöru- og þjónustuflokkum. Tveimur árum fyrr höfðu íslenskir aðilar, utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Íslandsstofa, höfðað mál gegn IFL til ógildingar á ESB skráningu IFL á orðmerkinu ICELAND. Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) komst árið 2019 að þeirri niðurstöðu að vörumerkjaskráning IFL á bæði orðmerkinu ICELAND sem og orð- og myndmerkinu ICELAND í ESB væri ógild í heild sinni. IFL áfrýjaði málinu til áfrýjunarnefndar EUIPO sem vísaði málinu til „Grand Board of Appeal“ (fjölskipað áfrýjunarnefnd). Niðurstöður úr sameiginlegum munnlegum málflutningi málanna tveggja fyrir Grand Board á árinu 2022 voru íslensku aðilunum í hag en þar var áfrýjunum IFL vísað frá að fullu.

Þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður í máli ITH og máli hinna íslensku aðilanna er ljóst að málunum fylgir ákveðin óvissa, IFL áfrýjaði niðurstöðu „Grand Board“ til „General Court“ ESB og fór málflutningur fram í október 2024. Beðið er niðurstöðu „General Court“.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2024 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2025.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Icelandic Trademark Holding ehf.

Álit

Ársreikningur Icelandic Trademark Holding ehf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Icelandic Trademark Holding ehf. 31. desember 2024 afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Icelandic Trademark Holding ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Icelandic Trademark Holding ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 27. febrúar 2025.

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur	13	149.217	156.922
Rekstrartekjur		149.217	156.922
Laun og launatengd gjöld	14	(7.744)	(7.329)
Kynningar- og markaðskostnaður		(82.809)	(20.254)
Annar rekstrarkostnaður	15	(55.987)	(44.729)
Rekstrarkostnaður		(146.540)	(72.312)
Hreinar rekstrartekjur		2.677	84.610
Fjármunatekjur	16	7.259	3.817
Fjármagnsgjöld	17	(481)	(95)
Hreinar fjármunatekjur		6.778	3.722
Hagnaður fyrir tekjuskatt	29	9.455	88.332
Tekjuskattur	18	0	0
Hagnaður ársins		9.455	88.332

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
Óefnislegar eignir	7, 19	139.466	139.466
Fastafjármunir samtals		139.466	139.466
Viðskiptakröfur	10, 21	54.551	28.502
Aðrar skammtímakröfur	22	3.955	1.643
Handbært fé	11, 23	122.828	83.558
Veltufjármunir samtals		181.334	113.703
Eignir samtals		320.800	253.169
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé	24	8.103	8.103
Yfirverðsreikningur		752.717	752.717
Ójafnað eigið fé		(500.428)	(509.882)
Eigið fé samtals		260.392	250.938
Viðskiptaskuldir		22.928	1.879
Aðrar skammtímaskuldir	25	37.480	352
Skammtímaskuldir samtals		60.408	2.231
Eigið fé og skuldir samtals		320.800	253.169

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2024 til 31. desember 2024	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024		8.103	752.717	(509.882)	250.938
Hagnaður ársins				9.455	9.455
Eigið fé 31. desember 2024		8.103	752.717	(500.428)	260.392

1. janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		8.103	752.717	(598.215)	162.605
Hagnaður ársins				88.332	88.332
Eigið fé 31. desember 2023		8.103	752.717	(509.882)	250.938

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2024	2023
Hagnaður ársins		9.455	88.332
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		474	88
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	(60.440)
		9.928	27.980
Rekstrartengdar eignir, breyting	(28.834)		12.482
Rekstratengdar skuldir, breyting	58.177		(10.169)
Handbært fé frá rekstri		39.271	30.293
Handbært fé í upphafi árs		83.558	53.265
Breyting handbærs fjár		39.271	30.293
Handbært fé í árslok		122.828	83.558

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið
- Icelandic Trademark Holding ehf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt einkahlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er að Bjargargötu 1, Reykjavík. Icelandic Trademark Holding ehf. er eigandi og þjónustuaðili vörumerkjanna Icelandic® og Icelandic® Seafood sem einblína á hágæðavörur með íslenskan uppruna.
- Reikningsár félagsins er almanaksárið, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.
- Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni þann 27. febrúar 2025.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna
- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að það hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

3. Skráning tekna
- Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Tekjur af nytjaleyfisgreiðslum fyrir nýtingu á vörumerkjum félagsins eru færðar línulega í rekstrarreikningi á samningstíma.

4. Matsaðferðir
- Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Tengdir aðilar
- Tengdir aðilar eru skilgreindir sem hluthafar með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, önnur félög innan sömu samstæðu, önnur félög sem eru skilgreind sem tengdir aðilar hluthafa með bein eða óbein yfirráð og lykilstjórnendur félagsins og móðurfélags.

6. Erlendir gjaldmiðlar
- Eignir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2024. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.
- Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.

Gjaldmiðill	Myntkóti	Meðalgengi		Lokagengi	
		2024	2023	31.12.2024	31.12.2023
Evra	EUR	149,310	149,136	143,900	150,500
Bandaríkjadalur	USD	137,928	137,976	138,200	136,200

7. Óefnislegar eignir
- Óefnisleg eign félagsins er vörumerki. Nýtingartími vörumerkis er metinn óákveðin sbr. 24. gr. ársreikningalaga. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt á vörumerki, a.m.k. árlega en vörumerki eru ekki afskrifuð.

Skýringar

8. Virðisrýrnun

a. Almenn

Árlega, eða oftár ef ástæða þykir til, er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Eign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um einn eða fleiri orðna atburði sem benda til þess að vænt framtíðar sjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið. Óefnislegar eignir félagsins hafa ekki skilgreindan líftíma og sæta árlegu virðisrýrnunarprófi.

b. Útreikningur

Virðisrýrnun eigna er mismunur á bókfærðu virði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi hinsvegar. Útreikningar geta náð til einstakra eigna eða eignasamstæða eftir aðstæðum. Nánar er fjallað um framkvæmd virðisrýrnunarprófs í skýringu 20.

c. Bókun

Virðisrýrnun er gjaldfærð í gegnum rekstrarreikning.

d. Viðsnúningur

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Viðsnúningur virðisrýrnunar er færð í gegnum rekstrarreikning.

9. Tekjuskattur

Útreikningar á skatteign eða skattaskuldbindingu byggja á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annarsvegar og reikningi félagsins hinsvegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts miðar við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum félagsins.

Félagið á umtalsvert yfirfæranlegt skattalegt tap sem myndar skatteign. Með varfærnissjónarmið í huga er skatteignin ekki færð til bókar. Nánari upplýsingar um skatteignina er að finna í skýringu 26.

10. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og hlutdeildarskírteinum í peningamarkaðssjóðum.

12. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Rekstrarreikningur

13. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Seldar vörur og þjónusta	149.217	96.482
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	60.440
Samtals	149.217	156.922

14. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Stjórnarlaun	6.525	6.175
Mótframlag í lífeyrissjóð	750	710
Tryggingagjald	462	437
Önnur launatengd gjöld	7	6
Samtals	7.744	7.329

Eins og fram kemur í skýringu 29 var rekstri félagsins útvistað til Íslandsstofu á árinu 2020 og því engir starfsmenn á launaskrá.

15. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Sérfræðiþjónusta	50.718	39.790
Rekstur húsnæðis	4.109	3.933
Annar kostnaður	1.160	1.006
Samtals	55.987	44.729

16. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Vaxtatekjur	7.259	3.817
Samtals	7.259	3.817

17. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Vaxtagjöld	8	8
Gengismunur	474	88
Samtals	481	95

18. Tekjuskattur

Vegna yfirfæranlegs skattalegs taps mun félagið ekki greiða tekjuskatt á árinu 2025 vegna ársins 2024.

Skýringar

Efnahagsreikningur

19. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

	Vörunúmeri
Bókfært virði 1. janúar 2024	139.466
Afskriftir	0
Bókfært virði 31. desember 2024	139.466
	Vörunúmeri
Stofnverð	760.320
Afskrifað	(620.854)
Bókfært virði 31. desember 2024	139.466

Nánar er fjallað um virðisrýrnun í skýringu 8 og útreikninga á henni í skýringu 20.

20. Virðisrýrnunarpróf

Félagið hefur fengið utanaðkomandi sérfræðing til að meta gangvirði óefnislegra eigna félagsins, þ.e. þeirra vörunúmerja sem það hefur umsjón með, með það að markmiði að meta hvort ástæða sé til að ætla að virðisrýrnun hafi átt sér stað. Við gangvirðismatið er stuðst við núvirt framtíðar sjóðsflæði vörunúmerjanna byggt á gildandi nytjaleyfissamningum.

Sjóðstreymislíkanið byggir á frjálsu sjóðstreymi til félagsins sem er núvirt með veginni ávöxtunarkröfu fjármagns sem gerð er til eignarinnar (WACC). Sjóðsflæðisáætlun í líkaninu er til 5 ára en eftir það er reiknað framtíðarvirði sem miðar við 0% árlegan tekjuvöxt. Ávöxtunarkrafa eigin fjár er metin út frá CAPM (Capital Asset Pricing Model) líkaninu þar sem byggt er á áhættulausum verðtryggðum vöxtum að viðbættu álagi til þess að mæta þeirri áhættu sem tengist eignum félagsins. Vextir á lánsfjármagn eru metnir með hliðsjón af almennum vaxtakjörum sem bjóðast á markaði. Gert er ráð fyrir 33% skuldsetningarhlutfalli til framtíðar og er niðurstaðan 13,75% vegin ávöxtunarkrafa.

Samkvæmt niðurstöðum líkansins er virði vörunúmerjanna hærra en bókfært virði þeirra og því ekki vísbending um virðisrýrnun óefnislegra eigna á árinu 2024.

21. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	54.551	28.502
Varúðarniðurfærsla	0	0
Samtals	54.551	28.502

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

22. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Virðisaukaskattur	509	882
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	1.446	721
Fyrirframgreiddur kostnaður	2.000	0
Annað	0	40
Samtals	3.955	1.643

Skýringar

23. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður í íslenskum krónum	79.079	20.689
Bankainnstæður í erlendum myntum	35.656	55.461
Peningamarkaðsbréf	8.093	7.407
Samtals	122.828	83.558

24. Hlutfé

a. Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 8,1 m. kr. í lok ársins samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á engin eigin bréf og hefur hvorki gefið út kauprétti né áskriftarréttindi né tekið lán sem breytanleg eru í hlutfé.

	31.12.2024	31.12.2023
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	8.103	8.103
Eigin hlutir	0	0
Útistandandi hlutfé	8.103	8.103

25. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Áfallinn kostnaður	37.128	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	352	352
Samtals	37.480	352

26. Skatteign

Breyting skatteignar sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Staðan í upphafi árs	98.201	98.201
Aðrar breytingar	2.920	0
Skatteign í lok árs, nettó	101.121	98.201

Skatteignin skiptist á einstaka liði ársreikningins sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Óefnislegar eignir	(29.288)	(27.893)
Frestun á skattlagningu gengismunar	72	(296)
Yfirfæránlegt skattalegt tap	130.337	126.390
Skatteign í lok árs, nettó	101.121	98.201

Yfirfæránlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Til ársins 2026	0	8.936
Til ársins 2027	148.925	151.288
Til ársins 2028	192.202	192.202
Til ársins 2029	145.989	145.989
Til ársins 2030	95.789	95.789
Til ársins 2031	37.745	37.745
Yfirfæránlegt skattalegt tap	620.652	631.951

Skatteign m.v. gildandi tekjuskattshlutfall	130.337	126.390
---	---------	---------

Skatteignin er ekki eignfærð í reikningum félagsins sökum óvissu um nýtingu.

Skýringar

Annað

27. Viðskipti við tengda aðila

Viðskiptakjör í viðskiptum við tengda aðila eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða.

28. Samningur við Íslandsstofu

Á miðju ári 2020 undirritaði félagið samning við Íslandsstofu um daglegan rekstur þess og umsýslu á vörumerkjum í eigu félagsins. Samkvæmt samningnum hefur Íslandsstofa m.a. annast framkvæmdastjórn félagsins, annast bókhald og fjármál, haft umsjón með vörusýningum og kynningarstarfi og annast samningagerð við leyfishafa.

Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

29. Breytingar milli ára

Eins og fram kemur í skýringu 7 var afskriftum óefnislegra eigna hætt frá og með rekstrarárinu 2023. Á árinu 2023 var ennfremur lokið við að tekjufæra fyrirframinnheimtar tekjur frá fyrri árum.

30. Lykiltölur

Helstu lykiltölur eru sem hér segir:

	2024	2023
Veltufjárhlutfall	3,00	50,96
Eiginfjárhlutfall	81,2%	99,1%
Arðsemi eigin fjár	3,8%	54,3%
EBITDA	2.677	84.610

Undirritunarsíða

Auður Björk Guðmundsdóttir

Birna Hafstein

Hrafn Hlynsson

Páll Ásgeir Guðmundsson